

Fundargerð 16. fundar verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar

Fundur haldinn á Teams 07.05.26 kl.10

Mætt á fundinn: Svanfríður Jónasdóttir, Guðrún A Sævarsdóttir, Ása L. Aradóttir, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, Jón B. Hákonarsson, Kjartan Ólafsson og Rán Jónsdóttir, starfsmaður.

Dagskrá

1. Staðfesting fundargerðar 15. fundar
Fundargerð staðfest með lítilsháttar breytingum
2. Afgreiðsla óska faghópa um rannsóknir
Farið var yfir tillögur faghópa að rannsóknum á næstu árum. Til að byrja með beinast þær einkum að Vaðöldu, fyrsta stóra vindmyllugarðinum sem reistur er á Íslandi. Verkefnisstjórn fellst á tillögur faghópa og felur starfsmanni að ganga frá málinu í samvinnu við formenn faghópa og ráðuneyti.
3. Yfirlit yfir flokkun virkjanahugmynda (tveir listar) til kynningar og umræðu
Kynntir voru listar yfir þær virkjanahugmyndir sem Alþingi hefur skipað í biðflokk og þá hvaða hugmyndum hefur verið óskað endurskoðunar á. Einnig var kynntur listi yfir óflokkaðar virkjanahugmyndir.
Umræður urðu m.a. um þau skilyrði sem sett eru og/eða setja þarf til að virkjanahugmynd sé tæk til mats hjá faghópum rammaáætlunar og síðan verkefnisstjórn.
4. Önnur mál
Rætt var um ferð verkefnisstjórnar og faghópa í Vaðöldu sem áformaður er 5. júní nk. og starfsmanni falið að kanna hver þátttaka verður í ferðinni.

Fundur slitið kl. 11.05